



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Söðlasmiður**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

**Saddlemaker**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- hefur umfangsmikla þekkingu á tækjum, handverkfærum og efnum sem tengjast söðlasmíði
- annast nýsmíði, sníður efni og undirbýr fyrir frekari vinnslu, t.d. á reiðtygjum og annarri leðurvöru
- annast viðhald og viðgerðir á reiðtygjum, t.d. að skipta um lóf og móttök, stoppa í dýnur og gera við höfuðleður
- annast breytingar á reiðtygjum, skálmum, töskum og annarri leðurvöru
- getur unnið eftir teikningum og beitt viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Forgangsráðar verkefnum á verkstæði, undirbýr vinnusvæði og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk
- hefur góð tök á notkun áhalda og tækja og getur notað tölvutækni við upplýsingaöflun og hugmyndaþróun
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu
- sýnir virðingu gagnvart faginu og hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og þekkir áhrif þeirra á umhverfið
- er í góðum samskiptum við birgja, samstarfsaðila og viðskiptavini
- leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð um val á vörum og viðhald í samræmi við óskir og tilefni. Sýnir viðskiptavinum þjónustulund
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi
- getur tjáð sig um fagleg málefni.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Söðlasmiður vinnur að söðlasmíði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru og annast viðgerðir og viðhald á reiðtygjum og annarri leðurvöru. Söðlasmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu við viðskiptavini og ráðgjöf og sölu. Rétt til starfa sem söðlasmiður eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í söðlasmíði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbodaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneyti
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað með eftirfarandi hætti: nám í skóla í tvær annir, námstími samtals 36 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 96 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p><b>Inngönguskilyrði</b> Grunnskólapróf</p> <p><b>Viðbótarupplýsingar</b> Frekari upplýsingar er að finna á: <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p> <p><b>Upplýsingamiðstöð í landinu</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a></p>
--